

Nd.

884. Nefndarálit

[263. mál]

um frv. til l. um eftirlaun aldraðra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur haft frv. til umfjöllunar og fengið til fundar við sig formann stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og fulltrúa frá ASÍ.

Þó viss gagnrýni hafi komið fram varðandi nokkur fjárhagsákvæði frv. telur meiri hluti nefndarinnar að svo brýnt hagsmunamál þeirra, sem standa utan við lífeyrisréttindakerfið — eða um 3000 manns — þoli enga bið og nauðsynlegt sé því að afgreiða frv. á þessu þingi.

Ákvæði frv. eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1980, en tímann þangað til er nauðsynlegt að nota til undirbúnings á framkvæmd málsins.

Ef hins vegar málið dagar uppi nú á þessu þingi, er alls óvíst hve langur tími líður uns þessu nauðsynjamáli verður hrundið í framkvæmd.

Meiri hl. nefndarinnar leggur mikla áherslu á að greiðslubyrðum verði létt af Atvinnuleysistryggingasjóði áður en ákvæði þessa frv. koma til framkvæmda. Ákvæði, sem tryggja á slíkt, var felld inn í frv. í meðferð efri deildar, en í því ákvæði kemur fram að frv. verði lagt fram sem létti greiðslubyrðar Atvinnuleysistryggingasjóðs og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna, áður en frv. um eftirlaun kemst í framkvæmd.

Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 23. maí 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir,
frsm.

Matthías Bjarnason.

Vilmundur Gylfason.

Jósef H. Þorgeirsson.